

Tillögur starfshóps um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Ísafjarðarbæjar

Nýtt fyrirkomulag á leikskólavistun

Fyrirkomulag leikskólavistunar í Ísafjarðarbæ tekur gildi þann 1. ágúst 2024 en markmiðið með þeim er að bæta starfsumhverfi leikskólanna fyrir börn og starfsfólk. Leikskólagjöld munu lækka, boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma, leikskóladagatalið verður 204 dagar og aðrir dagar skráningardagar, lokunardagar eða starfsdagar.

Skóladagatal – skráningardagar

Skóladagatalið tekur breytingum. Leikskóladagar verða að jafnaði 204 dagar á ári, lokunardagar 5 og starfsdagar 5. Aðrir dagar eru svokallaðir skráningardagar. Á þessum dögum er leikskólinn opinn en það þarf að skrá börn sérstaklega í leikskólann annars er litið svo á að þau séu í fríi. Leikskólar munu upplýsa foreldra/forsjáraðila áður en kemur að skráningardögum.

Skráningardagar eru eftirfarandi:

- Einn dagur í haustfríi grunnskóla í Ísafjarðarbæ
- Virkir dagar milli jóla og nýárs aðrir en lokunardagur (fyrsta virka dag eru leikskólar lokaðir)
- Tveir dagar í vetrarfríi grunnskóla í Ísafjarðarbæ
- Þrjú dagar í dymbilviku fyrir páska

Lokunardagar eru eftirfarandi:

- Einn dagur í haustfríi grunnskóla í Ísafjarðarbæ
- Fyrsti virki dagur milli jóla og nýárs
- Fyrsti virki dagur á nýju ári
- Tveir dagar sem leikskólarnir velja sjálfir og samræmast á milli skóla og skólastiga

Lækkun leikskólagjalda

Dvalargjöld fyrir tímann 8:00-14:00 lækka um 6% og tíminn þar fyrir utan lækkar um 3%.

Dæmi 1: Mánaðargjöld fyrir 40 stundir á viku með fæði kr. 46.432.- sem er lækkun um kr. 10.248.- á ári.

Dæmi 2: Mánaðargjöld fyrir 30 stundir á viku með fæði kr. 33.608.- sem er lækkun um kr.15.642.- á ári. Munurinn á 40 og 30 stunda vistun verður kr. 141.064.- á ári.

Sveigjanlegur vistunartími

Með breytilegum vistunartíma geta fjölskyldur sniðið leikskóladvöl barna sinna að eigin þörfum. Vistunartími getur þannig verið mismunandi eftir vikudögum og greiða fjölskyldur aðeins fyrir þann tíma sem barnið er skráð í leikskólann. Þannig skapast möguleiki til að lækka leikskólagjöld. Fjölskyldum stendur til boða að hafa börnin sín í að lágmarki 20 tíma dvöl á viku og er gert ráð fyrir að lágmarksdvöl séu 4 stundir á dag.

Jákvæð áhrif á starfsaðstæður í leikskóla að stytta vistunartíma barns

Stytting vistunartíma barna á leikskóla hefur jákvæð áhrif á skólastarfið sem og leikskólabörn. Styttingin dregur úr álagi á börn og starfsfólk, styrkir faglegt starf og auðveldar alla mönnun á leikskólum. Ef foreldrar/forsjáraðilar stytta dvalartíma, eins og kostur er, geta þeir lækkað leikskólagjöldin.